

Dags. 19. apríl 2010

Stjórnvaldssekt vegna brots á 1. og 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 6. janúar 2010 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta Langanesbyggð vegna brots á 1. og 2. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.)

Málsatvik eru þau að við athugun Fjármálaeftirlitsins í maí 2009 á skilum á innherjalistum kom í ljós að Langanesbyggð, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, hafði ekki skilað listum yfir fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum til Fjármálaeftirlitsins síðan 2. ágúst 2007 en samkvæmt lögum er útgefanda slíkra fjármálagerna skyld að skila uppfærðum lista a.m.k. á 6 mánaða fresti. Fjármálaeftirlitið bauð Langanesbyggð að gangast undir sátt að fjárhæð kr. 650.000 þann 21. ágúst 2009, en sáttinni var hafnað.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að Langanesbyggð hafi brotið gegn 1. og 2. mgr. 128. gr. vvl. með því að hafa ekki skilað uppfærðum listum yfir fruminnherja og aðila þeim fjárhagslega tengdum a.m.k. á 6 mánaða fresti til eftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mat það svo að brot Langanesbyggðar félli undir 42. tölul. 1. mgr. 141. gr. vvl. og bæri að ljúka með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar var litið til þess hve lengi brotið hafði varað og sambærilegra mála. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera Langanesbyggð stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 1.300.000.